

Stjórnin skiptir þannig með sér störfum:

Formaður: Skólastjóri Hlíðardalsskóla. Gjaldkeri: Forstöðumaður eða forstöðukona Kumbaravogs. Ritari: Fulltrúi barnaverndarnefndar Stokkseyrarhrepps. Formaður boðar til fundar, þegar þurfa þykir, og skulu fundargerðir færðar í fundargerðabók.

5. gr.

Heimil er ráðstöfun árlegra tekna sjóðsins samkvæmt framanrituðu.

6. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera sóknarprestur Eyrarbakka- og Stokkseyrarhrepps.

7. gr.

Þegar sjóðurinn hefur lokið hlutverki sínu, þ. e. þegar starfsemi hans hefur verið lögð niður, skal sú fjárhæð, sem í honum kann þá að vera, renna í Hjálpar-sjóðs æskufólks, sem áður hefur verið skrásettur.

8. gr.

1. og 2. grein má ekki breyta.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um orlof.

1. gr.

Orlofsfé skal greitt með orlofsmerkjum.

2. gr.

Póststjórnin gefur út orlofsmerki að verðgildi 1 króna, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur, 50 krónur, 100 krónur og 500 krónur.

Stærð merkjanna skal vera 20.5×24.5 mm. Á merkinu skal standa verðgildi þess og orðið: ORLOF. Lit merkjanna og nánari gerð þeirra ákveður póststjórnin. Orlofsmerki skulu vera til sölu á öllum póstafgreiðslum í landinu.

3. gr.

Póststjórnin gefur út orlofsbækur til varðveislu orlofsmerkja. Bækurnar skulu vera í hæfilegu vasabókarformi, tölusettar í framhaldsröð fyrir hvert orlofsár. Á titilblaði bókarinnar skal vera rúm fyrir nafn bókar eiganda, heimilisfang hans og nafnnúmer svo og nafn stéttarfélags hans.

Í bókinni skulu vera hæfilega margar síður með reitum fyrir orlofsmerki. Aftast á hverri síðu skal vera dálkur fyrir fjárhæð merkja í hverri röð og heildarverð merkja á síðunni.

Eyðublöð fyrir vottorð vegna orlofstöku skulu vera aftast í bókinni.

4. gr.

Orlofsbækur skulu vera til afhendingar ókeypis í öllum póstafgreiðslum. Halda skal skrá yfir þá, sem fá orlofsbækur afhentar og skal sá, sem tekur við orlofsbók kvitta fyrir móttöku hennar á þar til gerð eyðublöð.

Titilblað bókarinnar skal orlofsþegi útfylla í viðurvist þess er afhendir honum bókina.

Orlofsbók gildir aðeins fyrir eitt orlofsár, og skal það tilgreint á titilblaði bókarinnar og má aðeins festa í hana orlofsmerki fyrir vinnu í því orlofsári.

Hrökkvi orlofsbók ekki fyrir ársnotum, skal afhenda orlofsþega nýja bók.

5. gr.

Atvinnurekandi kaupir orlofsmerki og greiðir orlofsfé með þeim. Fer greiðsla þess fram hvert skipti, sem útborgun vinnulauna á sér stað eða eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Orlofsfé greiðist í heilum krónum þannig að 50 aurar teljast heil króna en færri aurum sleppt. Launagreiðandi skal sjálfur festa orlofsmerki í orlofsbók og stimpla þau eða árita upphafsstöfum sínum.

6. gr.

Þegar orlofsþegi ætlar í orlof, ritar atvinnurekandi hans á til þess gert blað í orlofsbókinni vottorð um það hvaða daga hann verði í orlofi.

Nú er maður ekki í starfi þegar hann vill fara í orlof eða hættur að starfa í þjónustu annarra og skal hann þá snúa sér til sveitarstjórnar og gefa yfirlýsingu um, að hann ætli að fara í orlof tiltekna daga og ritar þá fulltrúi sveitarstjórnar vottorð í orlofsbók hans um það.

7. gr.

Óheimilt er starfsmanni að vinna í orlofi sínu fyrir kaupi í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum. Það teljast skyldar starfsgreinar, þar sem vinna sú, sem framkvæmd er, reynir á svipaðan hátt á starfspól manna. Þannig teljast að þessu leyti skyldar starfsgreinar hvers konar útvinna í sveit við heyskap, jarðabætur, húsagerð, mótak, torfskurð og annað slíkt og enn fremur hvers konar grjótvinna, vegagerð og gatnagerð, járnsmíðar, húsasmíðar, steinhögg og steinsteypuvinna, skurðgröftur og hvers konar jarðvinna með handverkfærum. Skyldar starfsgreinar teljast enn fremur þessu samkvæmt hvers konar sjósókn og siglingar, fiskveiðar og fiskverkun, frystihúsavinna, uppskipun með vélum og önnur hafnarvinna og þess háttar. Þá teljast skyldar starfsgreinar ritstörf, skrifstofustörf, búðarstörf, prentvinna, prófarkalestur, bókband, létt verksmiðjuvinna innanhúss, gisti húsa- og veitingahúsavinna og önnur innanhússtörf, sem ekki reyna mjög á líkamskrafta manna, bifreiðaakstur, húsgagnagerð, klæðasaumur, gull- og silfursmíðar, skósmíðar, söðlasmíðar og önnur létt handverk o. s. frv.

8. gr.

Allur kostnaður við orlofsmerki og orlofsbækur greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. des. 1971 um orlof til þess að öðlast gildi 1. janúar 1972 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um orlof nr. 101 19. maí 1943 og reglugerð nr. 48 26. marz 1957 um breyting á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.